

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2005/60/EB

frá 26. október 2005

um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkamanna

(Texti sem varðar EES)

EVROÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikið streymi illa fengins fjár getur skaðað stöðugleika og orðstír fjármálageirans og ógnað innri markaðnum, enda vegur hryðjuverkastarfsemi að rótum samfélags okkar. Til viðbótar við hegningarlög geta forvarnir í fjármálakerfinu borið árangur.
- 2) Aðgerðir afbrotamanna og samstarfsmanna þeirra geta stofnað í hættu festu, heilleika og stöðugleika lána- og fjármálastofnana og trausti gagnvart fjármálakerfinu í heild, annaðhvort með því að dylja hvaðan ágóði af afbrotastarfsemi er fenginn eða með því að láta löglega eða ólöglega fengið fé renna til fjármögnunar hryðjuverka. Til að koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki ráðstafanir til verndar eigin fjármálakerfi, sem gætu verið ósamrýmanlegar starfsemi innri markaðarins og lagafyrirmælum og allsherjarreglu í Bandalaginu, er nauðsynlegt að Bandalagið grípi til aðgerða á þessu sviði.
- 3) Ef engar tiltekna ráðstafanir eru gerðar til samræmingar innan Bandalagsins gætu peningaþvættar og fjármögnunaraðilar hryðjuverkamanna reynt að nýta sér frelsi til fjármagnsflutninga og frelsi til að veita fjármálaþjónustu, sem hið samþætta fjármálasvæði felur í sér, í því skyni að auðvelda afbrotastarfsemi sína.

4) Til að bregðast við þessum áhyggjuefnum sem tengjast peningaþvætti var tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar ⁽⁴⁾ samþykkt. Sú tilskipun gerir aðildarríkjunum skylt að banna peningaþvætti og að skylda fjármálageirann, að meðtöldum lánastofnunum og ýmsum öðrum fjármálastofnunum, til að bera kennsl á viðskiptamenn sína, halda viðeigandi bókhald, koma á innra verklagi til að verjast peningaþvætti, þjálfa starfsfólk og tilkynna sérhverja vísbendingu um peningaþvætti til lögbærra yfirvalda.

5) Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á sér iðulega stað í alþjóðlegu samhengi. Ráðstafanir, sem eru eingöngu samþykktar innanlands og jafnvel á vettvangi Bandalagsins, án tillits til alþjóðasamræmingar og samvinnu, hefðu mjög takmörkuð áhrif. Þær ráðstafanir, sem Bandalagið samþykkir á þessu sviði, ættu því að vera í samræmi við aðrar aðgerðir sem ráðist er í á alþjóðavettvangi. Í öllum aðgerðum Bandalagsins ætti áfram að taka sérstakt tillit til tilmæla fjármálaaðgerðahópsins (FATF), sem er sá alþjóðaaðili sem er í fararbroddi í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar sem tilmæli fjármálaaðgerðahópsins voru endurskoðuð að verulegum hluta og útvíkkuð árið 2003 ætti þessi tilskipun að vera í samræmi við þá nýju, alþjóðlegu viðmiðun.

6) Hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti (GATS) gerir samningsaðilum kleift að samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að standa vörð um almennt siðgæði, koma í veg fyrir svik og að samþykkja ráðstafanir í varúðarskyni, m.a. til að tryggja stöðugleika og ráðvendni í fjármálakerfinu.

7) Þó að peningaþvætti hafi í upphafi verið takmarkað við fíkniefnabrot, hefur verið tilhneiging undanfarin ár til að skilgreina það með mun víðtækari hætti á grundvelli breiðari vettvangs frumbrota. Breiðari vettvangur frumbrota gerir að verkum að auðveldara er að tilkynna grunsamleg viðskipti og vinna að alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði. Því ber að breyta skilgreiningunni á alvarlegum afbrotum til samræmis við skilgreininguna á alvarlegum afbrotum í rammaákvörðun ráðsins 2001/500/DIM frá 26. júní 2001 um peningaþvætti, greiningu, leit, frystingu, hald og upptöku tækja og ávinninga af afbrotum ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Álit var skilað 11. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 40, 17.2.2005, bls. 9.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 19. september 2005.

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB (Stjótið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 76).

⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 182, 5.7.2001, bls. 1.

- 8) Enn fremur felur það í sér raunverulega hættu m.t.t. heilleika, eðlilegrar starfrækslu, orðstírs og stöðugleika fjármálakerfisins ef það er misnotað í þeim tilgangi að láta ólöglega eða jafnvel löglega fengið fé renna til hryðjuverkastarfsemi. Í samræmi við það ættu forvarnar- aðgerðir þessarar tilskipunar ekki aðeins að ná til meðferðar fjár sem aflað hefur verið með afbrotastarfsemi heldur einnig til söfnunar fjár eða fasteigna til hryðjuverkastarfsemi.
- 9) Tilskipun 91/308/EBE innihélt tiltölulega litlar upplýsingar um viðkomandi málsmeðferð, þrátt fyrir að þar sé þess krafist að staðfest séu deili á viðskiptavini. Í ljósi þess hve mikilvægur þessi þáttur er þegar hindra skal peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er rétt, í samræmi við nýjar, alþjóðlegar viðmiðanir, að innleiða sértækari og nákvæmari ákvæði í tengslum við að staðfesta deili á viðskiptamönnum og raunverulegum eigendum og sannprófunar á því hverjir þeir eru. Í því skyni er nákvæm skilgreining á „raunverulegur eigandi“ nauðsynleg. Ef raunverulegir eigendur lögaðila eða fyrirkomulags á borð við stofnun eða sjóði hafa ekki enn verið skilgreindir og því ómögulegt að tilgreina einstakling sem raunverulegan eiganda, nægir að tilgreina þann hóp einstaklinga sem áformað er að verði réttthafi stofnunar eða sjóðs. Þessi krafa ætti ekki að innifela að staðfesta deili á einstaklingunum innan þessa hóps manna.
- 10) Þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, ættu, í samræmi við þessa tilskipun, að staðfesta deili á og sannreyna hver hinn raunverulegi réttthafi er. Til að verða við þessari kröfu skal þeim stofnunum og einstaklingum í sjálfvald sett hvort þau nota opinber gögn raunverulegra eigenda, biðja viðskiptamenn sína um að afhenda viðeigandi upplýsingar eða afla upplýsinganna með öðrum hætti, með hliðsjón af þeirri staðreynd að umfang tilhlýðilegrar kostgæfni við skoðun viðskiptamanna ræðst af tegund viðskiptamanna, viðskiptatengslum, afurð eða viðskiptum með tilliti til hættunnar á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 11) Lánasamninga, þar sem bankareikningurinn er til þess eins að gera upp lánið og endurgreiðslur á láninu koma frá reikningi, sem stofnaður var í nafni viðskiptamannsins hjá lánastofnun, sem þessi tilskipun tekur til í samræmi við a- til c-lið 1. mgr. 8. gr., ætti alla jafna að skoða sem dæmi um lítt áhættusöm viðskipti.
- 12) Svo fremi að þeir sem leggja fram eignir lögaðila eða fyrirkomulags hafi næg yfirráð yfir notkun á eigninni skal tilgreina þá sem raunverulega eigendur.
- 13) Fjárvörslutengsl eru mikið notuð vegna viðskiptavara og eru alþjóðlega viðurkenndur þáttur í heildsölufjármagnsmörkuðum sem ítarlegt eftirlit er haft með. Kvöðin um að staðfesta deili á raunverulegum eigendum verður ekki til eingöngu vegna þeirrar staðreyndar að um sé að ræða fjárvörslutengsl í þessu tiltekna tilfalli.
- 14) Þessi tilskipun skal einnig taka til þeirrar starfsemi stofnana eða einstaklinga sem fer fram á Netinu.
- 15) Þar sem aukið eftirlit með fjármálageiranum hefur orðið til þess að peningaþvættar og fjármögnunaraðilar hryðjuverka hafa leitað annarra aðferða til að dylja hvaðan ávinningur af afbrotum kemur og þar sem hægt er nota þessar leiðir til að fjármagna hryðjuverki ætti skuldbindingin um að hindra peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka einnig að taka til milligöngumanna um líftryggingar, fjárvörslusjóða og þjónustuveitenda fyrir- tækja.
- 16) Aðila, sem þegar falla undir lagalega ábyrgð váttryggingafélags og heyra því undir gildissvið þessarar tilskipunar, ætti ekki að telja með tryggingamilligöngumönnum.
- 17) Að sinna starfi framkvæmdastjóra fyrirtækis eða ritara gerir í sjálfu sér viðkomandi ekki að þjónustuveitanda á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu. Af þeirri ástæðu tekur skilgreiningin aðeins til þeirra einstaklinga sem sinna starfi framkvæmdastjóra eða ritara fyrir þriðja aðila og þá í viðskiptaskyni.
- 18) Það hefur ítrekað sýnt sig að notkun hárra greiðslna í reiðufé getur skapað áhættu með tilliti til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Í þeim aðildarríkjum, þar sem leyfðar eru greiðslur í reiðufé yfir settum viðmiðunarmörkum, skal þessi tilskipun taka til einstaklinga eða lögaðila sem versla með vörur í viðskiptaskyni þegar þeir taka við slíkum greiðslum í reiðufé. Þessi tilskipun tekur til söluaðila dýrrar vöru, s.s. eðalsteina, málma eða listmuna, og uppboðshaldara, þegar greiðslur til þeirra eru í reiðufé að upphæð 15 000 evrur eða meira. Til að tryggja skilvirkt eftirlit með að ákvæðum þessarar tilskipunar sé fylgt af þessum fjölmenna hópi stofnana og einstaklinga geta aðildarríkin beint eftirlitsaðgerðum sínum einkum að þeim einstaklingum eða lögaðilum, sem versla með vörur sem eru áhættusamar með tilliti til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, í samræmi við meginregluna um eftirlit, byggt á áhættumati. Í ljósi mismunandi aðstæðna innan ýmissa aðildarríkja geta aðildarríkin ákveðið að samþykkja strangari ákvæði til að taka á þeirri áhættu sem tengist háum greiðslum í reiðufé.

- 19) Með tilskipun 91/308/EBE eru lögbókendur og aðrir óháðir lögfræðingar felldir undir reglur Bandalagsins sem vinna gegn peningabætti. Þetta gildissvið skal haldast óbreytt í þessari tilskipun. Þessir lögfræðingar, eins og aðildarríkin skilgreina þá, falla undir ákvæði þessarar tilskipunar þegar þeir taka þátt í fjármála- eða fyrirtækjaviðskiptum, þ.m.t. að veita skattaráðgjöf, þar sem hættan er mest á því að þjónustu þessara lögfræðinga sé misbeitt til að þvæta ávinning af afbrotum eða til að fjármagna hryðjuverk.
- 20) Þegar óháðir einstaklingar í starfsgreinum á sviði lögfræðiráðgjafar, sem eru löglega viðurkenndir og sæta löglegu eftirliti, s.s. lögmennt, ganga úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings eða flytja mál skjólstæðings, er samt sem áður ekki við hæfi samkvæmt tilskipuninni að þessum lögfræðingum sé skylt að tilkynna grunsemdir um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Veita verður undanþágu frá kröfunni um að tilkynna upplýsingar sem er aflað annaðhvort áður en málaferli hefst, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur eða þegar gengið er úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings. Lögfræðiráðgjöf heyrir því áfram undir þagnarskyldu nema ráðgjafinn taki þátt í peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, lögfræðiráðgjöfin sé veitt í því skyni að stunda peningabætti eða fjármagna hryðjuverk, eða lögfræðingurinn viti að skjólstæðingurinn sé að leita eftir lögfræðiráðgjöf í því skyni að stunda peningabætti eða fjármagna hryðjuverk.
- 21) Þjónustu, sem er samanburðarhæf með beinum hætti, verður að meðhöndla á sama hátt þegar einhver annar fagmaður, sem þessi tilskipun tekur til, veitir hana. Til að tryggja að þau réttindi, sem mælt er fyrir um í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis (ECHR) og sáttmálanum um Evrópusambandið, séu virt skulu upplýsingar, sem endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar, sem í nokkrum aðildarríkjum mega verja eða flytja mál skjólstæðings eða ganga úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings, afla þegar þeir stunda þessi störf, ekki falla undir tilkynningarskyldu í samræmi við þessa tilskipun.
- 22) Viðurkenna ber að hættan á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er ekki sú sama í öllum tilfellum. Í samræmi við nálgun byggða á áhættumati skal sú meginregla innleidd í löggjöf Bandalagsins að í viðeigandi tilfellum skuli leyfa að viðhöfð sé einfölduð tilhlýðileg kostgæfni við skoðun viðskiptamanna.
- 23) Undanþágan varðandi það að staðfesta deili á raunverulegum eigendum safnreikninga, sem löggiltir bókarar og aðrir óháðir lögfræðingar hafa umsjón með, hefur ekki áhrif á þær skyldur sem þessir löggiltu bókarar og aðrir óháðir lögfræðingar hafa samkvæmt þessari tilskipun. Meðal þessara skyldna er sú kvöð að slíkir löggiltir bókarar eða aðrir óháðir lögfræðingar staðfesti sjálfir deili á raunverulegum eigendum safnreikninganna í umsjá þeirra.
- 24) Á sama hátt skal löggjöf Bandalagsins endurspegla að tiltekna kringumstæður bjóða upp á aukna hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þrátt fyrir að deili og viðskiptasvið allra viðskiptamanna eigi að liggja fyrir er í sumum tilvikum þörf á sérstaklega ströngum aðferðum við að staðfesta deili á viðskiptamönnum og um sannpröfun þeirra.
- 25) Þetta á sérstaklega við um viðskiptatengsl einstaklinga sem sinna eða hafa sinnt áhrifamiklum, opinberum störfum, einkum ef þeir eru frá löndum þar sem spilling hefur verið útbreidd. Slík tengsl geta, að því er varðar fjármálagæirann, stofnað orðstír hans í hættu og/eða valdið lagalegri áhættu. Alþjóðlegt átak í baráttunni gegn spillingu réttlætir einnig þörfina á því að beina athyglinni í auknum mæli að slíkum tilvikum og að beita til fullnustu venjulegum ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna með tilliti til innlendra einstaklinga sem eru í áhættuhópi af stjórnmálaástandum eða ítarlegri ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna með tilliti til einstaklinga í pólitískum áhættuhópi sem búa í öðrum aðildarríkjum eða í þriðja landi.
- 26) Öflun samþykkis frá yfirstjórn til að koma á fót viðskiptatengslum ætti ekki að fela í sér að samþykkis stjórnar sé aflað heldur samþykkis frá næsta þrepi fyrir ofan þann sem óskar slíks samþykkis.
- 27) Til að komast hjá endurtekningum í að staðfesta deili á viðskiptamönnum, sem leiða til tafa og óhagkvæmni í viðskiptum, er við hæfi, að teknu tilliti til viðeigandi verndaraðgerða, að leyfa kynningu viðskiptamanna sem deili hafa verið staðfest á annars staðar. Ef stofnun eða einstaklingur, sem þessi tilskipun tekur til, leitar til þriðja aðila hvílir endanleg ábyrgð á ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanns á þeirri stofnun eða einstaklingi sem viðskiptamaður er kynntur fyrir. Þriðji aðili, eða sá sem annaðist kynninguna, ber einnig eigin ábyrgð gagnvart öllum kröfum þessarar tilskipunar, einnig kröfunni um að tilkynna grunsamleg viðskipti og að halda skrár, að því marki að hann hafi samband við viðskiptamanninn og þessi tilskipun taki til þess sambands.

- 28) Þegar um er að ræða tengsl við stofnun eða tengsl vegna utankaupa með samningi milli stofnana eða einstaklinga, sem þessi tilskipun tekur til, og utanaðkomandi einstaklinga eða lögaðila sem þessi tilskipun tekur ekki til getur fjármögnunarskylda þeirra aðila eða veitenda utankaupaþjónustu, sem tengjast stofnunum eða einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, vegna baráttunnar gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, aðeins orðið til í gegnum samning en ekki gegnum þessa tilskipun. Sú stofnun eða einstaklingur, sem þessi tilskipun tekur til, ber ábyrgðina á því að fara að þessari tilskipun.
- 29) Grunsamleg viðskipti ber að tilkynna fjármálaeftirlitinu (FIU), sem starfar sem innlend miðstöð fyrir öflun, greiningu og miðlun upplýsinga til lögbærra yfirvalda um grunsamlegar viðskiptatilkynningar og aðrar upplýsingar sem varða hugsanlegt peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Þetta ætti þó ekki að þvinga aðildarríkin til að breyta núverandi skýrslugjafakerfi þar sem skýrslugjöf fer fram gegnum saksóknara eða önnur löggæsluyfirvöld, svo fremi að upplýsingunum sé miðlað samstundis og óritskoðuðum til fjármálaeftirlitsins, sem þannig hefur tök á að sinna skyldum sínum til fulls, þar á meðal alþjóðlegri samvinnu við fjármálaeftirlitsstofnanir í öðrum löndum.
- 30) Þrátt fyrir hið almenna bann við grunsamlegum viðskiptum er stofnunum og einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, heimilt að sinna grunsamlegum viðskiptum áður en þeir tilkynna það lögbærum yfirvöldum í tilvikum þar sem það að viðskiptin eigi sér ekki stað er ómögulegt eða líklegt til að koma í veg fyrir að unnt verði að hafa upp á þeim sem raunverulega hagnast ef grunur leikur á að um sé að ræða peningabætti eða starfsemi til fjármögnunar hryðjuverka. Þó hefur þetta ekki áhrif á alþjóðlegar skyldur sem aðildarríkið hefur samþykkt um að frysta án tafar sjóði eða aðrar eignir hryðjuverkamanna, hryðjuverkasamtaka eða þeirra sem fjármagna hryðjuverk, í samræmi við viðeigandi ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.
- 31) Þegar aðildarríki ákveður að nýta undanþágur sem kveðið er á um í 2. mgr. 23. gr. getur það heimilað eða krafist þess af sjálfseftirlitsstofnun, sem er í forsvari fyrir þá einstaklinga sem um getur þar, að sendi fjármálaeftirlitinu ekki neinar upplýsingar sem aflað hefur verið frá þessum einstaklingum við þær kringumstæður sem um getur í þeirri grein.
- 32) Allmargir starfsmenn, sem tilkynnt hafa grunsemdir um peningabætti, hafa sætt hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum. Þótt þessi tilskipun geti ekki haft áhrif á réttarfræðilega málsmeðferð aðildarríkis er þetta lykilatriði fyrir að árangur náist í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Aðildarríkin þurfa að gera sér grein fyrir þessu vandamáli og gera hvaðeina sem þau geta til að vernda starfsmenn gegn slíkum hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum.
- 33) Afhending upplýsinga, sem um getur í 28. gr., skal vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽¹⁾. Enn fremur skal 28. gr. ekki hafa áhrif á innlenda löggjöf um gagnavernd og þagnarskyldu.
- 34) Einstaklingar, sem eingöngu umbreyta pappírsskjölum í rafræn gögn og starfa samkvæmt samningi við lána- stofnun eða fjármálastofnun, falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, né heldur einstaklingar og lögaðilar, sem útvega lán, eða fjármálastofnanir, sem einvörðungu hafa með höndum að koma boðum áleiðis, eða önnur stoðkerfi til millifærslu fjár eða við greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfi.
- 35) Peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru alþjóðleg vandamál og baráttan gegn þeim þarf að vera á alþjóðavísu. Þegar lána- og fjármálastofnanir Bandalagsins hafa útibú og dótturfyrirtæki í þriðju löndum þar sem löggjöf á þessu sviði er ábótavant ættu þær, til að forðast beitingu mjög ólíkra staðla innan stofnunar eða hóps stofnana, að beita stöðlum Bandalagsins eða tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu að þessi beiting sé ómöguleg.
- 36) Mikilvægt er að lána- og fjármálastofnanir séu færar um að bregðast skjótt við beiðnum um upplýsingar varðandi það hvort þær séu í viðskiptatengslum við tiltekna einstaklinga. Í þeim tilgangi að bera kennsl á slík viðskiptatengsl og geta veitt slíkar upplýsingar hratt þurfa lána- og fjármálastofnanir að hafa skilvirkt kerfi til staðar sem samsvarar umfangi og eðli viðskiptanna. Það væri einkum viðeigandi fyrir lánastofnanir og stærri fjármálastofnanir að hafa rafræn kerfi til afnota. Þetta ákvæði er sérstaklega mikilvægt í samhengi við málsmeðferð sem leitt getur til ráðstafana á borð við frýstingu eða haldlagningu fjármuna (þ.m.t. fjármagn til hryðjuverka), samkvæmt innlendri löggjöf eða Bandalagslöggjöf sem beita má í baráttunni gegn hryðjuverkum.

(¹) Stjótið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- 37) Með þessari tilskipun eru settar ítarlegar reglur um tilhlýðilega kostgæfni við að staðfesta deili á viðskiptamönnum, m.a. aukna tilhlýðilega kostgæfni við skoðun mjög áhættusamra viðskiptamanna eða viðskiptatengsla, þar á meðal viðeigandi málsmeðferð til að ákvarða hvort einstaklingur teljist vera í pólitískri áhættu, sem og tiltekna viðbótarkröfur sem eru ítarlegri, s.s. að til séu stjórnunaraðferðir og -stefnur til að tryggja fullt samræmi. Stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, skulu uppfylla allar þessar kröfur um leið og þess er vænst að aðildarríkin sérsníði nákvæma framkvæmd þessara ákvæða að séreinkennum hvernar starfsgreinar og að mismunandi umfangi og stærð þeirra stofnana og einstaklinga sem þessi tilskipun tekur til.
- 38) Til að tryggja að þær stofnanir og aðrir, sem falla undir löggjöf Bandalagsins á þessu sviði, styðji verkefnið áfram dyggilega ber að veita þeim upplýsingar, eftir því sem mögulegt er, um gagn af og eftirfylgni vegna þeirra skýrslna sem þeir leggja fram. Aðildarríkin skulu halda og bæta viðeigandi hagskýrslur til að gera þetta kleift og til að þau geti endurskoðað virkni kerfa til nota í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 39) Þegar gjaldeyrismíðlun, þjónustuveitandi á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu eða innlent spilavíti er skráð eða veitt starfsleyfi skulu lögbær yfirvöld tryggja að einstaklingarnir, sem í reynd stjórna eða munu stjórna slíkri starfsemi og raunverulegir eigendur slíkra eininga, séu hæfir og viðeigandi. Ákveða þarf viðmiðanir til að ákvarða hvort einstaklingur sé hæfur og viðeigandi í samræmi við innlend lög. Slíkar viðmiðanir skulu að lágmarki endurspegla þörfina á að vernda slíkar starfseiningar gegn misnotkun af hálfu stjórnenda þeirra og raunverulegra eigenda í þeim tilgangi að fremja afbrot.
- 40) Með hliðsjón af alþjóðlegri útbreiðslu peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka er eindregið hvatt til samræmingar og samvinnu milli fjármálaeftirlitsstofnana með vísan til ákvörðunar ráðsins 2000/642/DIM frá 17. október 2000 varðandi ráðstafanir sem stuðla að samvinnu milli fjármálaeftirlitsstofnana aðildarríkjanna með tilliti til upplýsingaskipta⁽¹⁾, þ.m.t. að koma á fót neti fjármálaeftirlitsstofnana Evrópusambandsins (FIU-net ESB). Í því skyni ber framkvæmdastjórninni að veita þá aðstoð sem þörf er á til að auðvelda slíka samræmingu, þ.m.t. fjárhagsaðstoð.
- 41) Mikilvægi þess að berjast gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka ætti að hvetja aðildarríkin til að kveða á um viðurlög í innlendum lögum, sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, við því að virða ekki innlend ákvæði sem innleidd eru samkvæmt þessari tilskipun. Því er rétt að setja ákvæði um viðurlög með tilliti til einstaklinga og lögaðila. Þar sem lögaðilar tengjast oft flóknum peningabættis- aðgerðum eða aðgerðum til fjármögnunar hryðjuverka ættu viðurlög að taka mið af þeirri starfsemi sem fram fer af hálfu lögaðila.
- 42) Einstaklingar, sem hafa með höndum einhverja þá starfsemi sem tilgreind er í a- og b-liðum í 1. og 3. mgr. 2. gr., sem telst til skipulags lögaðila, sem starfar á sjálfstæðum grunni, ættu að bera persónulega ábyrgð á því að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að 35. gr. undanskilinni.
- 43) Skýring tæknilegra atriða við reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, kann að vera nauðsynleg til að tryggja skilvirka og nægilega samkvæma framkvæmd þessarar tilskipunar, með hliðsjón af ólíkum fjármála- gæringum, starfsgreinum og áhættu í mismunandi aðildarríkjum og tæknipróuninni í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Til samræmis við það skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir á borð við tiltekna viðmiðanir til að meta aðstæður með ýmist lítilli eða mikilli áhættu, þar sem einfaldaðar reglur um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna myndu nægja eða þar sem við hæfi væri að beita reglum um aukna tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna, að því tilskildu að þær breyti ekki tilskipun þessari í grundvallaratriðum og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin fari eftir þeim meginreglum, sem settar eru fram í þessari tilskipun, að höfðu samráði við nefndina um baráttu gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 44) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽²⁾. Í því skyni ber að setja á fót nýja nefnd um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem kæmi í stað tengslanefndar um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis sem stofnuð var með tilskipun 91/308/EBE.
- 45) Í ljósi þeirra umtalsverðu breytinga sem nauðsynlegt er að gera á tilskipun 91/308/EBE skal til glöggvunar fella hana úr gildi.
- 46) Þar sem aðildarríkin ná ekki nægilega vel markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma í veg fyrir misnotkun fjármálakerfisins til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

(¹) Stjtið. EB L 271, 24.10.2000, bls. 4.

(²) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

47) Við beitingu framkvæmdavalds í samræmi við þessa tilskipun skal framkvæmdastjórnin virða eftirfarandi meginreglur: þörfina á miklu gagnsæi og samráði við stofnanir og einstaklinga, sem þessi tilskipun tekur til, og við Evrópuþingið og ráðið, þörfina á að tryggja að lögbær yfirvöld séu fær um að tryggja að alltaf verði farið að reglunum, að jafnvægi haldist milli kostnaðar stofnana og einstaklinga við framkvæmdarráðstafanir og ávinnings af þeim, þegar til lengri tíma er lítið, þörfina á að virða nauðsynlegan sveigjanleika við beitingu framkvæmdarráðstafana í samræmi við áhættunæma nálgun, þörfina á að samræma áætlunina við aðrar aðgerðir Bandalagsins á þessu sviði, þörfina á að vernda Bandalagið, aðildarríkin og borgara þeirra gegn afleiðingum peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka.

48) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Ekkert í þessari tilskipun skyldi túlkað eða hrint í framkvæmd á einhvern hátt sem er í ósamræmi við mannréttindasáttmála Evrópu.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé bönnuð.

2. Í þessari tilskipun skal eftirfarandi athæfi, þegar það er framið af ásetningu, talið peningaþvætti:

a) ummyndun eða yfirfærsla á eign, þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða vegna þátttöku í slíkri starfsemi, í þeim tilgangi að hylma yfir eða leyfa ólögmaetum uppruna eignarinnar eða aðstoð við hvern þann sem á þátt í slíkri starfsemi í að sneiða hjá lögfylgjum athafna sinna,

b) yfirhylming eða launung að því er varðar raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi yfir eða

eignarrétt eignar, þegar vitað er að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,

c) öflun, umráð eða notkun eignar þegar vitað er við móttöku að slík eign er til komin vegna afbrota eða þátttöku í slíkri starfsemi,

d) þátttaka í, samtök um, tilraunir til, liðveisla, hvatning, fyrirgreiðsla eða ráðgjöf við sérhverjar þær athafnir sem nefndar eru í undanfarandi undirlíðum.

3. Um peningaþvætti er að ræða jafnvel þótt starfsemin, sem gaf af sér viðkomandi fjármuni, hafi farið fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða í þriðja landi.

4. Að því er þessa tilskipun varðar merkir „fjármögnun hryðjuverka“ útvegum eða söfnun fjármuna, með öllum leiðum beint eða óbeint, með það að markmiði að nota þá til að fremja eitthvert þeirra brota sem um getur í 1. til 4. gr. í rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM frá 13. júní 2002 um baráttuna gegn hryðjuverkum ⁽¹⁾.

5. Af raunverulegum málavöxtum má ráða hvort um er að ræða vitneskju, ásetning eða tilefni sem skal liggja fyrir sem þáttur í þeirri starfsemi sem getið er um í 2. og 4. mgr.

2. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um:

1) lánastofnanir,

2) fjármálastofnanir,

3) eftirtalda lögaðila eða einstaklinga þegar þeir stunda störf sín:

a) endurskoðendur, löggilta bókara og skattaráðgjafa,

b) lögbókendur eða aðra óháða lögfræðinga, þegar þeir taka þátt í, hvort heldur sem er með því að starfa fyrir hönd og fyrir umbjóðendur sína við hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskipti, eða með því að aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn að því er varðar:

i) að kaupa og selja fasteignir eða fyrirtæki,

ii) að hafa umsjón með peningum, verðbréfum eða öðrum eignum skjólstaðinganna,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3.

- iii) að opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum,
- iv) að útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum,
- v) að stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum stofnunum,
- c) þjónustu við fjárvörslusjóði og fyrirtæki sem a- eða b-liður tekur ekki til,
- d) fasteignasala,
- e) aðra einstaklinga eða lögaðila sem versla með vörur, þó aðeins ef greiðslur eru í reiðufé með fjárhæðum sem eru 15 000 evrur eða þar yfir, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri,
- f) spilavíti.
2. Aðildarríkin geta ákveðið að einstaklingar og lögaðilar, sem taka þátt í fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og þar sem lítil hættu er á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, falli ekki undir gildissvið 1. eða 2. mgr. 3. gr.
3. gr.
- Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- 1) „lánastofnun“: lánastofnun, eins og hún er skilgreind í fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um að hefja rekstur og starfsemi lánastofnana⁽¹⁾, þ.m.t. útibú, í skilningi 3. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar um lánastofnanir sem starfa í Bandalaginu og hafa aðalstöðvar sínar innan eða utan Bandalagsins,
- 2) „fjármálastofnun“ merkir:
- a) fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og annast einn eða fleiri af þeim þáttum sem taldir eru í 2. til 12. lið og 14. lið í I. viðauka við tilskipun 2000/12/EB, þetta tekur m.a. til starfsemi gjaldeyrismiðlana og greiðslumiðlana,
- b) váttryggingarfélag með gilt leyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 varðandi líftryggingar⁽²⁾ svo fremi að það annist þá starfsemi sem sú tilskipun tekur til,
- c) fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins
- 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga⁽³⁾,
- d) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf,
- e) váttryggingamiðlari samkvæmt skilgreiningu í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun váttrygginga⁽⁴⁾, að undanskildum miðlurum sem nefndir eru í 7. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar þeir starfa við líftryggingar og aðra þjónustu tengda fjárfestingum,
- f) útibú sem tekur til útibúa í Bandalaginu frá fjármála- stofnunum sem um getur í a- til e-lið, sem eru með aðalstöðvar sínar innan eða utan Bandalagsins,
- 3) „eign“: eign af hvaða tagi sem er, hvort sem hún er áþreifanleg eða óáþreifanleg, lausafé eða fasteign, efnisleg eða óefnisleg og skjöl eða gerningar í hvaða formi sem er, þ.m.t. rafræn eða stafræn, sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra,
- 4) „afbrot“: hvers kyns brotlegt athæfi í tengslum við alvarleg afbrot,
- 5) „alvarleg afbrot“: eru að lágmarki:
- a) athæfi eins og það er skilgreint í 1. til 4. gr. rammaákvörðunar ráðsins 2002/475/DIM,
- b) afbrot, eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1998 gegn ólöglegum viðskiptum með fíkniefni og geðvirk efni,
- c) afbrotastarfsemi, eins og hún er skilgreind í 1. gr. sameiginlegrar aðgerðar ráðsins 98/733/DIM frá 21. desember 1998 um að það verði refsiverður verknaður að taka þátt í afbrotastarfsemi í aðildarríkjum Evrópusambandsins⁽⁵⁾,
- d) svik, eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr. og 2. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna⁽⁶⁾, a.m.k. gróf tilvik,
- e) spilling,
- f) hvert það afbrot annað, sem varðar frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. 12 mánuði, eða, að því er varðar þau ríki sem hafa lágmarksskilgreiningu fyrir afbrot í réttarkerfi sínu, öll afbrot, sem varða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. sex mánuði,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 316, 27.11.1995, bls. 49.

- 6) „raunverulegur eigandi“: sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem í raun eiga starfsemina eða stjórna viðskiptamanninum og/eða einstaklingnum í hvers nafni viðskipti eða starfsemi er stunduð. Raunverulegur eigandi skal a.m.k. vera:
- a) þegar um er að ræða viðskiptafyrirtæki:
- i) sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila gegnum beina eða óbeina eignaraðild eða ráða yfir nægilegu hlutfalli hlutabréfanna eða atkvæðisrétti í viðkomandi lög- aðila, þ.m.t. gegnum handhafahlutabréf, nema um sé að ræða fyrirtæki sem skráð er á skipulögðum markaði sem fellur undir upplýsingakröfur í samræmi við löggiöf Bandalagsins eða fellur undir jafngilda, alþjóðlega staðla. Hlutfall, sem jafngildir 25% að viðbættum einum hlut, skal teljast nægilegt til að uppfylla þessar kröfur,
- ii) einstakling eða einstaklinga sem að öðru leyti hafa yfirráð yfir stjórn lögaðila,
- b) þegar um er að ræða lögaðila á borð við stofnanir og löglegt fyrirkomulag á borð við sjóði sem fara með og útteila fjárumum:
- i) sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru raunverulegir eigendur 25% eða meira af eignum löglegs fyrirkomulags eða lögaðila þegar ákvarðað hefur verið hverjir raunverulegir framtíðareigendur eru,
- ii) sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem eru raunverulegir eigendur 25% eða meira af eignum löglegs fyrirkomulags eða lögaðila þegar eftir er að ákvarða hverjir hagnast á löglegu fyrirkomulagi eða lögaðila,
- iii) sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem hafa yfirráð yfir 25% eða meira af eignum löglegs fyrirkomulags eða lögaðila,
- 7) „þjónustuveitandi: á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu“ einstaklingur eða lögaðili sem með viðskiptum annast eitthvað af eftirfarandi þjónustu fyrir þriðja aðila:
- a) stofnun fyrirtækja eða annarra lögaðila,
- b) starfar sem eða útvegar annan einstakling til að starfa sem forstjóri eða framkvæmdastjóri fyrirtækis, sem meðeigandi í sameignarfélagi, eða til að gegna svipaðri stöðu með tilliti til annarra lögaðila,
- c) útvegar skráða skrifstofu, heimilisfang fyrirtækis, annast bréfaskipti eða stjórnunarheimilisfang og aðra tengda þjónustu fyrir fyrirtæki, sameignarfélag eða annan lögaðila eða fyrirkomulag,
- d) starfar sem eða útvegar annan einstakling til að starfa sem fjárvörsluaðili sjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags,
- e) starfar sem eða fær annan einstakling til að starfa sem tilnefndur hluthafi fyrir annan aðila en fyrirtæki sem skráð er á skipulegum markaði sem fellur undir upplýsingakröfur Bandalagsins eða sambærilegar alþjóðlegar reglur,
- 8) „einstaklingar í pólitískum áhættuhópi“: einstaklingar sem eru falin eða hafa verið falin mikilvæg, opinber störf og nánustu fjölskyldumeðlimir eða einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn slíkra einstaklinga,
- 9) „viðskiptatengsl“: viðskipti, faglegs eða viðskiptalegs eðlis sem tengjast þeirri grein starfsemi sem stofnanirnar eða einstaklingarnir, sem þessi tilskipun tekur til, og sem búist er við, á þeim tíma, sem tengslunum er komið á, að vari til lengri tíma,
- 10) „skelbanki“: lánastofnun, eða stofnun með starfsemi á sambærilegu sviði, innan lögsögu þar sem bankinn hefur enga raunaðstöðu, notar markvissa áhættustjórnun og er ótengdur eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæði þessarar tilskipunar nái að fullu eða að hluta til starfsgreina og flokka fyrirtækja, annarra en þeirra fjármálastofnana sem um getur í 1. mgr. 2. gr., sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að nýtt verði til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

2. Þegar aðildarríki ákveður að láta ákvæði þessarar tilskipunar ná til starfsgreina og fyrirtækja, annarra en þeirra sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr., skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni það.

5. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja eða viðhalda strangari ákvæðum á því sviði, sem tilskipun þessi tekur til, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. KAFLI

TILHLÝÐILEG KOSTGÆFNI VIÐ SKOÐUN
VIÐSKIPTAMANNA

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

6. gr.

Aðildarríkin skulu banna lána- og fjármálastofnunum sínum að halda nafnlausar reikninga og nafnlausar bankabækur. Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 9. gr. skulu aðildarríkin í öllum tilvikum krefjast þess að eigendum og raunverulegum réttshöfum núverandi nafnlausra reikninga eða nafnlausra bankabóka verði gert að sæta ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna eins fljótt og auðið er og alltaf áður en slíkir reikningar eða bankabækur eru notaðar á nokkurn hátt.

7. gr.

Stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, skulu beita ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna í eftirfarandi tilvikum:

- þegar viðskiptatengslum er komið á,
- þegar tilfallandi viðskipti að fjárhæð 15 000 evrur eða meira eiga sér stað, hvort sem viðskiptin eru einstök aðgerð eða í mörgum aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri,
- þegar grunur leikur á að um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða, burtséð frá undantekningum, undanþágum eða mörkum sem kveðið er á um,
- þegar efasemdir eru uppi um sannleiksgildi og áreiðanleika áður fenginna upplýsinga til að staðfesta deili á viðskiptamanni.

8. gr.

1. Ráðstafanir um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna skulu fela í sér að:

- staðfesta deili á viðskiptamanninum og sannreyna hver hann er á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga sem aflað er frá áreiðanlegum, sjálfstæðum heimildum,
- staðfesta deili á, þar sem við á, raunverulegum eiganda og gera viðeigandi ráðstafanir, byggðar á áhættumati, til að sannreyna það hver hann er þannig að stofnunin eða einstaklingurinn, sem þessi tilskipun tekur til, sé þess fullviss að upplýst sé hver raunverulegur eigandi sé, þ.m.t., að því er varðar lögaðila, sjóði og svipað löglegt fyrirkomulag, en þá er gripið til viðeigandi ráðstafana, sem byggjast á áhættumati, til að skilja eignarhald og stjórnunarkerfi viðskiptamannsins,
- afla upplýsinga um tilgang og eðli fyrirhugaðra viðskiptatengsla,
- sinna stöðugt eftirliti með viðskiptatengslunum, þ.m.t. athugun á viðskiptum sem átt hafa sér stað á meðan á viðskiptatengslunum hefur staðið til að tryggja að viðskiptin, sem fram fara, séu í samræmi við vitneskju stofnunar eða einstaklings um viðskiptamanninn, fyrirtækið og áhættumatið, þ.m.t., ef nauðsyn krefur,

uppruna fjármagns og tryggingu fyrir því að skjölum, gögnum og upplýsingum sé haldið til haga og þessar upplýsingar uppfærðar.

2. Þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, skulu beita öllum kröfum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna sem settar eru fram í 1. mgr., en mega ákvarða umfang slíkra ráðstafana með tilliti til tegundar viðskiptamanns, viðskiptatengsla, afurðar eða viðskipta. Þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til skulu geta sýnt fram á gagnvart þeim lögbæru yfirvöldum, sem nefnd eru í 37. gr., þ.m.t. innri eftirlitsaðilar, að umfang ráðstafananna sé viðeigandi með tilliti til áhættunnar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að sannreynt sé hver viðskiptamaðurinn og hinn raunverulegi eigandi er áður en viðskiptatengslum er komið á eða viðskiptin eiga sér stað.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríkin leyfa að sannreynt sé endanlega hver viðskiptamaðurinn og hinn raunverulegi eigandi er á meðan verið er að koma viðskiptatengslunum á ef það telst nauðsynlegt til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskiptanna og þar sem lítil áhætta telst vera á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka. Við slíkar aðstæður skal ljúka ferlinu eins fljótt og auðið er eftir fyrstu samskipti.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. mega aðildarríkin með tilliti til líftryggingaviðskipta, heimila að fá staðfest hver er raunverulegur eigandi líftryggingarinnar, eftir að viðskiptatengslunum hefur verið komið á. Í slíkum tilfellum skal staðfesting eiga sér stað við greiðslu eða áður en greiðsla á sér stað eða við eða áður en raunverulegur eigandi hyggst nýta sér rétt þann sem felst í tryggingunni.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. mega aðildarríkin leyfa opnun bankareiknings, að því tilskildu að nægilegar verndarráðstafanir séu fyrir hendi til að tryggja að viðskipti verði ekki framkvæmd af viðskiptamanninum eða fyrir hans hönd áður en framangreindum ákvæðum hefur verið fullnægt.

5. Aðildarríkin skulu krefjast þess, ef viðkomandi stofnun eða einstaklingur getur ekki farið að ákvæðum a-, b- og c-liðar 1. mgr. 8. gr., að viðkomandi megi ekki eiga viðskipti gegnum bankareikning, stofna til viðskiptatengsla eða sinna viðskiptum, heldur skuli slíta viðskiptatengslunum og íhuga að gefa fjármálaeftirlitinu skýrslu í samræmi við 22. gr. að því er varðar viðskiptamann.

Aðildarríkjnum er ekki skylt að beita áður nefndri undirgrein við aðstæður þar sem lögbókendur, óháðir lögfræðingar, endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar eru að ganga úr skugga um lagalega stöðu skjólstæðings eða verja eða flytja mál þess skjólstæðings við eða varðandi málarekstur, þ.m.t. ráðgjöf um að hefja eða komast hjá málsmeðferð.

6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, beiti ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna ekki aðeins við alla nýja viðskiptamenn, heldur einnig við viðeigandi tækifæri gagnvart viðskiptamönnum, sem þegar eru fyrir hendi, eftir því sem þau meta áhættuna.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að staðfest séu deili á öllum viðskiptamönnum spilavíta og fái upplýsingarnar sannreyndar ef þeir kaupa eða selja spilapeninga að jafngildi 2 000 evra eða meira.

2. Spilavíti, sem heyra undir ríkiseftirlit, teljast fullnægja kröfunni um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna ef viðskiptamennirnir eru í það minnsta skráðir, borin eru kennsl á þá og upplýsingarnar sannprófaðar við inngang eða áður en komið er að inngangi án tillits til þess hve margir spilapeningar eru keyptir.

2. ÞÁTTUR

Einfölduð tilhlýðileg kostgæfni við skoðun viðskiptamanna

11. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. (a-, b- og d-liður), 8. gr. og 9. gr. (1. mgr.) skulu stofnanir og aðilar, sem þessi tilskipun tekur til, ekki falla undir kröfurnar í þessum greinum þegar viðskiptamaðurinn er lána- eða fjármálastofnun sem tilskipun þessi tekur til, eða lána- eða fjármálastofnun í þriðja landi sem gerir sambærilegar kröfur við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og sem haft er eftirlit með að séu uppfylltar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. (a-, b- og d-liður), 8. gr. og 9. gr. (1. mgr.) geta aðildarríkin leyft stofnunum og aðilum sem tilskipun þessi tekur til að beita ekki ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna að því er varðar:

a) skráð félög, ef verðbréf þeirra hafa verið tekin til skráningar á skipulegum markaði í skilningi tilskipunar

2004/39/EB í einu eða fleiri aðildarríkjum, og skráð félög frá þriðju löndum, sem falla undir upplýsingakröfur í samræmi við löggjöf Bandalagsins,

b) raunverulega eigendur safnreikninga, sem færðir eru af lögbókendum og öðrum óháðum lögfræðingum frá aðildarríkjnum eða frá þriðju löndum, að því tilskildu að þeir falli undir kröfur um baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við alþjóðlega staðla og eftirlit haft með því hvort þeir uppfylli þessar kröfur og að því tilskildu að upplýsingar liggi fyrir um hver raunverulegur eigandi er, ef þess er krafist af innlánsstofnunum söfnunarreikninganna,

c) innlend, opinber yfirvöld.

eða einhvern annan viðskiptavin sem telst í lítili áhættu vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og uppfyllir tæknilegar kröfur sem settar eru fram í samræmi við b-lið 1. mgr. 40. gr.

3. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í 1. og 2. mgr., skulu stofnanir og aðilar, sem þessi tilskipun tekur til, ávallt safna nægilegum upplýsingum til að sannreyna hvort viðskiptavinur uppfyllir kröfur um undanþágur sem tilgreindar eru í þessum málsgreinum.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um tilvik, þar sem þau telja að þriðja land uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr., eða aðrar kringumstæður þar sem þau uppfylla tæknilegar kröfur sem settar hafa verið fram í samræmi við b-lið 1. mgr. 40. gr.

5. Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. (a-, b- og d-liður), 8. gr. og 9. gr. (1. mgr.) geta aðildarríkin leyft stofnunum og aðilum, sem tilskipun þessi tekur til, að beita ekki ráðstöfunum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna að því er varðar:

a) líftryggingar, þar sem árlegt iðgjald er lægra en 1 000 evrur eða eingreiðsla er lægri en 2 500 evrur,

b) váttryggingarsamninga fyrir lífeyriskerfi, ef ekki er um endurkaupaákvæði að ræða og samninginn er ekki hægt að nota sem tryggingu,

c) lífeyri, jafngreiðslulífeyri eða svipað kerfi, sem tryggir eftirlaun starfsmanna, þar sem framlög eru í formi frádráttar af launum og reglurnar leyfa ekki framsal á ráðstöfun réttinda aðila að kerfinu,

d) rafeyri, eins og hann er skilgreindur í b-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim⁽¹⁾, þar sem hámarksfjárhæð, sem vistuð er í tækinu, skal vera 150 evrur, ef ekki er unnt að endurhlaða tækið, eða, ef hægt er að endurhlaða tækið, fjárhæð að hámarki 2 500 evrur á almanaksárinu, nema þegar handhafi innleysir fjárhæð að upphæð 1 000 evrur eða meira á sama almanaksári eins og um getur í 3. gr. tilskipunar 2000/46/EB,

eða þegar um er að ræða einhverja aðra vöru eða viðskipti sem skapa litla áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem uppfyllir tæknilegar kröfur sem settar eru fram í samræmi við b-lið 1. mgr. 40. gr.

12. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun skv. 4. mgr. 40. gr. skal framkvæmdastjórnin banna þeim stofnunum og einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, að beita einfaldaðri tilhlýðilegri kostgæfni við skoðun lána- og fjármálastofnana eða skráðra fyrirtækja frá viðkomandi þriðja landi eða annarra aðila í kjölfar kringumstæðna sem uppfylla þær tæknilegu viðmiðanir sem settar eru fram í samræmi við b-lið 1. mgr. 40. gr.

3. ÞÁTTUR

Aukin tilhlýðileg kostgæfni við skoðun viðskiptamanna

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess af þeim stofnunum og einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, að beita, samkvæmt áhættumati, aukinni tilhlýðilegri kostgæfni við skoðun viðskiptamanna, til viðbótar þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 7. og 8. gr. og 6. mgr. 9. gr., við aðstæður sem eru þannig í eðli sínu að aukin hætta er á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, og í það minnsta við þær kringumstæður sem lýst er í 2., 3. og 4. mgr. og við þær kringumstæður aðrar sem uppfylla þær tæknilegu viðmiðanir sem settar eru fram í samræmi við c-lið 1. mgr. 40. gr., þar sem mikil hætta er á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

2. Ef viðskiptavinurinn hefur ekki verið sjálfur á staðnum til að hægt sé að staðfesta deili á honum skulu aðildarríkin krefja þessar stofnanir og einstaklinga um að grípa til sértækra og fullnægjandi ráðstafana til að mæta aukinni áhættu, t.d. með því að grípa til einnar eða fleiri eftirfarandi ráðstafana:

- a) að tryggja að staðfest séu deili á viðskiptamanni með því að framvísa viðbótarskjölum, gögnum eða upplýsingum,
- b) að gera viðbótarráðstafanir til að sannreyna eða staðfesta framlögð skjöl eða með því að óska eftir staðfestingarvottun lána- eða fjármálastofnunar sem þessi tilskipun tekur til,
- c) að tryggja að fyrsta greiðsla viðskiptanna sé gerð gegnum reikning sem hefur verið opnaður á nafni viðskiptamannsins hjá lánastofnun.

3. Að því er varðar millibankatengsl sem ná yfir landamæri til verkbeiðendastofnana í þriðju löndum skulu aðildarríkin krefja lánastofnanir sínar um:

- a) að afla fullnægjandi upplýsinga um verkbeiðendastofnanir til að skilja til fullnustu eðli starfsemi verkbeiðendastofnunar og ákvarða út frá fyrirliggjandi, opinberum gögnum orðstír stofnunar og gæði eftirlits,
- b) að meta eftirlitstæki verkbeiðendastofnunar með tilliti til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka,
- c) að afla samþykkis frá yfirstjórn áður en nýjum bankaviðskiptatengslum er komið á fót,
- d) að skrásetja skyldur hverrar stofnunar fyrir sig,
- e) að vera þess fullviss, með tilliti til greiðslumiðlunarreikninga, að verkbeiðendalánastofnun hafi staðfest deili á viðskiptamanninum og beitt tilhlýðilegri kostgæfni við skoðun viðskiptamanna, sem hafa beinan aðgang að reikningum þess sem viðskiptin eru við, og geti, sé þess óskað, veitt þeirri stofnun, sem viðskiptin eru við, viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sem aflað hefur verið með tilhlýðilegri kostgæfni

4. Að því er varðar viðskipti eða viðskiptatengsl við einstaklinga sem eru í pólitískum áhættuhópi og búsettir eru í öðru aðildarríki eða í þriðja landi skulu aðildarríkin krefja þær stofnanir eða einstaklinga, sem þessi tilskipun tekur til, um:

- a) að viðhafa hæfilegar aðferðir, byggðar á áhættumati, til að ákvarða hvort viðskiptamaður er í pólitískum áhættuhópi,
- b) að afla samþykkis frá yfirstjórn áður en viðskiptatengslum við slíka viðskiptamenn er komið á fót,
- c) að grípa til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna og uppruna fjármagns sem notað er í viðskiptatengslin eða viðskiptin,
- d) að sinna stöðugt auknu eftirliti með viðskiptatengslunum.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

5. Aðildarríkin skulu banna lánastofnunum að stofna til eða halda áfram bankaviðskiptatengslum við skelbanka og skulu krefjast þess að lánastofnanir grípi til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þær taki ekki þátt í eða haldi áfram bankaviðskiptatengslum við banka sem þekktur er að því að leyfa skelbanka að nota reikninga sína.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, veiti sérstaka athygli hverri þeirri ógn sem stafar af peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sem getur orðið til af völdum vöru eða viðskipta þar sem hvatt er til nafnleyndar, og gera ráðstafanir, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir notkun þeirra til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

4. ÞÁTTUR

Framkvæmd þriðju aðila

14. gr.

Aðildarríkin geta leyft þeim stofnunum eða einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, að reiða sig á þriðju aðila til að fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr. Sú stofnun eða einstaklingur, sem þessi tilskipun tekur til og reiðir sig á þriðja aðila, skal bera endanlega ábyrgð á því að farið sé að þessari tilskipun.

15. gr.

1. Þegar aðildarríki veitir lána- eða fjármálastofnunum, sem um getur í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. og staðsettar eru á yferráðasvæði þess, leyfi til þess að hægt sé að reiða sig á þær sem þriðja aðila innanlands, skal það aðildarríki í öllum tilvikum leyfa stofnunum og einstaklingum, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og staðsettar eru á yferráðasvæði þess, að viðurkenna og samþykkja, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 14. gr., niðurstöðu úr rannsókn sem framkvæmd er eftir kröfum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr. og framkvæmdar hafa verið í samræmi við þessa tilskipun af stofnun, sem um getur í 1. eða 2. lið 1. mgr. 2. gr., í öðru aðildarríki, að undanskildum gjaldeyrismiðlunum og greiðslumiðlunum, sem uppfylla kröfur þær sem mælt er fyrir um í 16. og 18. gr., þótt skjölin eða gögnin, sem þessar kröfur eru byggðar á, séu annars konar en þau sem krafist er í því aðildarríki sem viðskiptamanninum er vísað til.

2. Þegar aðildarríki veitir gjaldeyrismiðlunum eða greiðslumiðlunum, sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr., sem staðsett eru á yferráðasvæði þess, leyfi til þess að hægt sé að reiða sig á þær sem þriðja aðila innanlands skal það aðildarríki í öllum

tilvikum leyfa þeim að viðurkenna og samþykkja, í samræmi við 14. gr., niðurstöðu úr rannsókn sem unnin er samkvæmt kröfum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr. og framkvæmdar hafa verið í samræmi við þessa tilskipun af stofnun sömu tegundar í öðru aðildarríki og skoðunin uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. og 18. gr., þótt skjölin eða gögnin, sem þessar kröfur eru byggðar á, séu önnur en þau sem krafist er í því aðildarríki sem viðskiptamanninum er vísað til.

3. Þegar aðildarríki veitir einstaklingum, sem um getur í a- til c-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., sem staðsettir eru á yferráðasvæði þess, leyfi til þess að hægt sé að reiða sig á þá sem þriðju aðila innanlands skal það aðildarríki ávallt leyfa þeim að viðurkenna og samþykkja, í samræmi við 14. gr., niðurstöðu úr rannsókn sem unnin er samkvæmt kröfum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna, sem settar eru fram í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr., og framkvæmd hefur verið í samræmi við þessa tilskipun af einstaklingi, sem um getur í a- til c-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., í öðru aðildarríki og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 16. og 18. gr., þótt skjölin eða gögnin, sem þessar kröfur eru byggðar á, séu annars konar en þau sem krafist er í því aðildarríki sem viðskiptamanninum er vísað til.

16. gr.

1. Í þessum þætti merkir „þriðji aðili“ þær stofnanir og einstaklinga, sem skráðir eru í 2. gr., eða sambærilegar stofnanir og einstaklinga, sem staðsettir eru í þriðja landi, sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þeir eru skráningarskyldir samkvæmt lögum,

b) þeir beita kröfum um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna og kröfum um að halda skrár eins og mælt er fyrir um þær í þessari tilskipun eða kröfum sem eru sambærilegar við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og eftirlit er haft með að þær uppfylli kröfur þessarar tilskipunar í samræmi við 2. þátt V. kafla eða þeir eru staðsettir í þriðja landi sem beitir sambærilegum kröfum við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um tilvik þar sem þau telja að þriðja land uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr.

17. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun skv. 4. mgr. 40. gr. skulu aðildarríkin banna stofnunum eða einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, að reiða sig á að þriðju aðilar frá viðkomandi þriðja landi uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr.

18. gr.

1. Þriðju aðilar verða tafarlaust að veita þeirri stofnun eða einstaklingi, sem viðskiptamanni er vísað til og þessi tilskipun tekur til, umbeðnar upplýsingar í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í a- til c-lið 1. mgr. 8. gr.

2. Þriðji aðili skal tafarlaust áframsenda, samkvæmt beiðni, þeirri stofnun eða einstaklingi, sem þessi tilskipun tekur til og viðskiptamanni hefur verið vísað til, viðeigandi afrit af gögnum um að staðfest hafi verið deili á viðskiptamanni og þau sannreynd ásamt öðrum viðeigandi skjölum.

19. gr.

Þessi þáttur skal ekki eiga við um útvistun eða umboð þar sem, veitandi útvistunarþjónustunnar eða umboðsaðilinn telst hluti stofnunar eða einstaklings, sem þessi tilskipun tekur til, á grundvelli bindandi samnings.

III. KAFLI

SKÝRSLUGERÐARKVÖÐ

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

20. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, veiti sérstaka athygli hverri þeirri starfsemi sem þær álíta sérstaklega líklegar, eðlis síns vegna, til að tengjast peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og einkum þó flóknum eða óvenjulega miklum viðskiptum sem og öllum óvenjulegum viðskiptamynstrum sem hafa að því er virðist engan efnahagslegan eða sýnilega löglegan tilgang.

21. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal setja á stofn fjármálaeftirlitsstofnun til að geta með áhrifaríkum hætti barist gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. Fjármálaeftirlitið skal stofnsett sem miðlæg innlend eining. Fjármálaeftirlitið skal bera ábyrgð á (og óska eftir, eftir því sem leyft er) móttöku upplýsinga, greiningu og miðlun upplýsinga til lögbærra yfirvalda, upplýsingagjöf sem varðar hugsanlegt peningabætti, hugsanlega fjármögnun hryðjuverka, eða annað sem gerð er krafa um í innlendi löggjöf eða reglugerð. Fjármálaeftirlitinu skulu látnar í té nægar fjárheimildir til að rækja skyldur sínar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fjármálaeftirlitið hafi, beint eða óbeint, tímanlega aðgang að þeim upplýsingum um fjárhag, stjórnsýslu og framkvæmd laga sem það þarf á að halda til að rækja skyldur sínar til fulls.

22. gr.

1. Aðildarríkin skulu fara fram á við stofnanir og aðila, sem þessi tilskipun tekur til, og, þar sem við á, stjórnendur þeirra og starfsmenn, að þeir eigi náði samstarf:

a) með því að upplýsa fjármálaeftirlitið þegar í stað, að eigin frumkvæði, þegar stofnun eða einstaklingur, sem þessi tilskipun tekur til, grunar eða hefur ástæðu til að ætla að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka sé fyrirhuguð eða hafi þegar verið framið eða reynt,

b) með því að láta fjármálaeftirlitinu þegar í té, að beiðni þess, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferð samkvæmt gildandi löggjöf.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu sendar til fjármálaeftirlits þess aðildarríkis sem ræður því yfirráðasvæði þar sem stofnunin eða aðilinn er sem sendir upplýsingarnar. Sá einstaklingur eða einstaklingar, sem tilnefndir eru í samræmi við málsmeðferð skv. 34. gr., skulu að öllu jöfnu senda upplýsingarnar.

23. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. mega aðildarríkin, þegar um er að ræða einstaklinga sem um getur í a- og b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., tilgreina viðeigandi sjálfseftirlitsstofnun þeirrar starfsgreinar sem um er að ræða sem það yfirvald sem fyrst skal upplýst í stað fjármálaeftirlitsins. Með fyrirvara um 2. mgr. skal tilgreind sjálfseftirlitsstofnun í slíkum tilvikum áframsenda upplýsingarnar til fjármálaeftirlitsins þegar í stað og í heild sinni.

2. Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 22. gr., gagnvart lögbókendum, óháðum lögfræðingum, endurskoðendum, löggiltum bókurum og skattaráðgjöfum að því er varðar upplýsingar sem þeir fá frá skjólstæðingi eða sem varða skjólstæðing þeirra, þegar þeir ganga úr skugga um lagalega stöðu skjólstæðings eða verja eða flytja mál þess skjólstæðings við eða varðandi málaferli, þ.m.t. ráðgjöf um að hefja eða komast hjá málaferlum, hvort sem upplýsinganna er aflað áður en slík málaferli hefjast, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur.

24. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir og aðilar, sem falla undir þessa tilskipun, forðist að eiga viðskipti sem þessir aðilar vita eða hafa grun um að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, þar til þeir hafa lokið nauðsynlegum aðgerðum í samræmi við a-lið 1. mgr. 22. gr. Í samræmi við löggjöf aðildarríkjanna er heimilt að gefa fyrirmæli um að viðskiptin fari ekki fram.

2. Þegar grunur leikur á að slík viðskipti kunnir að leiða til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka og ómögulegt er að koma í veg fyrir þau eða það gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hagnast á viðskiptum, sem grunur leikur á að varði peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, skulu viðkomandi stofnanir gera fjármálaeftirlitinu viðvart um leið og viðskiptin hafa farið fram.

25. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef lögbær yfirvöld, sem um getur í 37. gr., uppgötva atriði, sem er hugsanlegt að tengist peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, við eftirlitsstörf sín í stofnunum og hjá einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, eða á annan hátt skuli þau samstundis gera fjármálaeftirlitinu viðvart.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir, sem hafa heimild samkvæmt lögum til að annast eftirlit með verðbréfa-, gjaldeyris- og afleiðumörkuðum, tilkynni fjármálaeftirlitinu um þau atriði sem hugsanlegt er að tengist peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

26. gr.

Stofnun eða aðili, sem fellur undir þessa tilskipun, eða starfsmaður eða stjórnandi slíkrar stofnunar eða aðila er veitir yfirvöldum upplýsingar þær, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. og 23. gr., í góðri trú telst ekki hafa brotið gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsýsluákvæðum og leggur veiting upplýsinga með þessum hætti enga ábyrgð á herðar þessum stofnunum eða aðilum, stjórnendum eða starfsmönnum þeirra.

27. gr.

Aðildarríkin skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að vernda starfsmenn stofnana eða einstaklinga sem þessi tilskipun tekur til, sem tilkynna grunsemdir um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka annaðhvort innan fyrirtækis eða til fjármálaeftirlitsins, gegn hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum.

2. ÞÁTTUR

Bann við upplýsingagjöf

28. gr.

1. Þær stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, og forstjórar og starfsmenn þeirra skulu ekki veita upplýsingar til viðkomandi viðskiptamanns eða þriðja aðila þess efnis að upplýsingar hafi verið sendar í samræmi við 22. og 23. gr. eða að rannsókn á hugsanlegu peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka standi yfir eða kunni að verða hrundið af stað.

2. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki innifela upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda sem um getur í 37. gr.,

þ.m.t. innri eftirlitsaðilar, eða upplýsingagjöf í því skyni að framfylgja lögum.

3. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki hindra upplýsingagjöf milli stofnana aðildarríkanna eða þriðju ríkja, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr., sem tilheyra sama hópi og skilgreindur er í 12. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafyrirtækjum og fjárfestingafyrirtækjum í fjármálasamsteypu⁽¹⁾.

4. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki koma í veg fyrir upplýsingagjöf milli einstaklinga, sem um getur í a- og b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., sem koma frá aðildarríkjunum eða frá þriðju löndum sem gera kröfur sambærilegar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sem sinna starfsemi í grein sinni, hvort heldur sem starfsmenn eða ekki, innan sama lögaðila eða hjá neti. Að því er varðar þessa grein skal „net“ merkja stæri heild sem einstaklingur tilheyrir og deilir sameiginlegu eignarhaldi, stjórn og eftirliti með því að viðeigandi kröfur séu uppfylltar.

5. Að því er varðar stofnanir og einstaklinga, sem um getur í 2. gr. (1. lið 1. mgr.), 2. gr. (2. lið 1. mgr.) og 2. gr. (a- og b-lið 3. liðar 1. mgr.), í tilvikum sem varða sama viðskiptamann og sömu viðskipti sem innifela tvær eða fleiri stofnanir eða einstaklinga skulu bannákvæðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., ekki hindra upplýsingagjöf milli viðkomandi stofnana eða einstaklinga, að því tilskildu að þau séu staðsett í aðildarríki eða í þriðja landi sem setur sambærilegar kröfur við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og að því tilskildu að þær séu úr sömu starfsgrein og falli undir sambærilegar skyldur með tilliti til þagnarskyldu og verndar persónulegra upplýsinga. Upplýsingaskiptin skulu eingöngu notuð í þeim tilgangi að hindra peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

6. Þegar einstaklingar, sem um getur í a- og b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., reyna að ráða viðskiptavini frá að taka þátt í ólöglegu athæfi skal það ekki jafngilda upplýsingagjöf í skilningi 1. mgr.

7. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um tilvik þar sem þau telja að þriðja land uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 3., 4. eða 5. mgr.

29. gr.

Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun skv. 4. mgr. 40. gr. skulu aðildarríkin banna stofnunum eða einstaklingum, sem þessi tilskipun tekur til, að veita stofnunum eða einstaklingum frá viðkomandi þriðja landi upplýsingar.

(¹) Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

IV. KAFLI

32. gr.

SKRÁNING OG HAGSKÝRSLUR

30. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir og aðilar, sem þessi tilskipun tekur til, haldi til haga eftirfarandi skjölum og upplýsingum sem nota má af hálfu fjármálaeftirlitsins eða annarra lögbærra yfirvalda í samræmi við innlend lög, við rannsókn eða greiningu á hugsanlegu peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka:

- a) þar sem um tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna er að ræða skal varðveita afrit eða heimildir um sönnunargögn, sem krafist hefur verið, í a.m.k. fimm ár eftir að viðskiptatengslunum við viðskiptamann þeirra lauk,
- b) þar sem um viðskiptatengsl og viðskipti er að ræða skal varðveita stöðefni og skrár sem innihalda upprunalegu skjölin eða afritin, sem leggja má fram fyrir rétti samkvæmt gildandi innlandri löggjöf, í a.m.k. fimm ár eftir að viðskiptin hafa farið fram eða eftir að viðskiptatengslunum lýkur.

31. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess, eftir því sem við á, að lánastofnanir og fjármála fyrirtæki, sem þessi tilskipun tekur til, grípi til ráðstafana sem eru a.m.k. sambærilegar við þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eð tilliti til þess að gæta tilhlýðilegrar kostgæfni við skoðun viðskiptamanna og skráningu þeirra, í útibúum sínum og dótturfyrirtækjum þar sem þau eiga meirihluta og sem staðsett eru í þriðja landi.

Ef löggjöf þriðja lands leyfir ekki að gripið sé til slíkra sambærilegra ráðstafana skulu aðildarríkin krefja viðkomandi lána- og fjármálastofnanir um að þær upplýsi lögbær yfirvöld í viðkomandi heimaaðildarríki í samræmi við það.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um tilvik þar sem löggjöf þriðja lands leyfir ekki að gripið sé til þeirra ráðstafana sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. og að grípa þurfi til samræmdra aðgerða til að fá fram lausn.

3. Þegar löggjöf þriðja lands leyfir ekki að gripið sé til þeirra ráðstafana sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. skulu aðildarríkin krefjast þess að lána- og fjármálastofnanir grípi til viðbótarráðstafana til að takast á við áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með árangursríkum hætti.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að lána- og fjármálastofnanir þeirra búi yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast með skjótum hætti og til fulls við fyrirspurnum frá fjármálaeftirlitinu eða öðrum yfirvöldum í samræmi við innlend lög sem varða hvort þær eigi í eða hafi verið í viðskiptatengslum við sl. fimm ár við tilgreinda einstaklinga eða lögaðila og um eðli þeirra viðskiptatengsla.

33. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þau geti skoðað skilvirkni þessara kerfa til nota í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka með því að varðveita tæmandi tölfraðiupplýsingar um efni sem varðar skilvirkni slíkra kerfa.

2. Slíkar tölfraðiupplýsingar skulu a.m.k. innihalda fjölda þeirra tilkynninga um grunsamleg viðskipti sem tilkynnt hafa verið fjármálaeftirlitinu, hvaða eftirfylgni hefur verið um að ræða við þessar tilkynningar, ásamt því að gefa upp hvaða fjöldi tilvika er rannsakaður á ársgrundvelli, þann fjölda einstaklinga sem saksóttur er, þann fjölda einstaklinga sem dæmdur er fyrir peningaþvætti eða brot varðandi fjármögnun hryðjuverka ásamt upplýsingum um hve mikið af eignum hafa verið frystar, haldlagðar eða gerðar upptækar.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vandlega endurskoðuð útgáfa þessara tölfraðigagna verði birt.

V. KAFLI

RÁÐSTAFANIR TIL FRAMFYLGÐAR

1. ÞÁTTUR

Innra verklag, þjálfun og upplýsingaflæði

34. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lánastofnanir og fjármála fyrirtæki, sem þessi tilskipun tekur til, komi á fót nægilegum og viðeigandi stefnu- og málsmeðferðarreglum varðandi tilhlýðilega kostgæfni við skoðun viðskiptamanna, skýrslugjöf, skráningu, innra eftirlit, áhættumat, áhættustjórnun, stjórnun í tengslum við að uppfylla kröfur og samskipti til að koma í veg fyrir og fyrirbyggja aðgerðir sem tengjast peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lána- og fjármálastofnanir, sem þessi tilskipun tekur til, upplýsi útibú eða dótturfyrirtæki í þriðju löndum sem eru í meirihluta eigu þeirra um viðkomandi stefnumið og málsmeðferðarreglur þar sem við á.

35. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir og aðilar, sem þessi tilskipun tekur til, grípi til viðeigandi ráðstafana til að viðkomandi starfsmenn þeirra þekki til þeirra ákvæða sem í gildi eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér að hlutaðeigandi starfsmenn fái sérstaka, stöðuga þjálfun sem auðveldi þeim að átta sig á því hvaða viðskipti gætu tengst peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og að þeim sé kennt hvernig þeir skuli bregðast við í slíkum tilvikum.

Ef einstaklingur, sem fellur undir einhvern flokkanna sem skráðir eru í 3. lið 1. mgr. 2. gr., stundar sérfræðistörf sín sem launamaður hjá lögaðila skulu skyldur samkvæmt þessum þætti eiga við um þann lögaðila en ekki um einstaklinginn.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir og aðilar, sem þessi tilskipun tekur til, hafi aðgang að nýjustu upplýsingum um starfsemi peningþvætta og um fjármögnun hryðjuverka og um vísbendingar sem gera kleift að komast á snoðir um grunsamleg viðskipti.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess, hvar sem því verður við komið, að tímanleg viðbrögð séu tryggð varðandi skilvirkni og eftirfylgni við skýrslur um grunsemdir um peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. ÞÁTTUR

Eftirlit

36. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gjaldeyrismiðlanir og þjónustuveitendur á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sem og spilavíti, hafi leyfi og séu skráð til að starfsemi þeirra geti farið löglega fram. Með fyrirvara um framtíðarlöggjöf Bandalagsins skulu aðildarríkin sjá til þess að gjaldeyrismiðlanir og greiðslumiðlanir hafi leyfi eða séu skráð til að starfsemi þeirra teljist lögleg.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lögbært yfirvald synji um leyfisveitingu eða skráningu eininganna sem um getur í 1. mgr. ef það er þess ekki fullvisst að þeir einstaklingar, sem í raun stjórna eða muni stjórna starfsemi slíkra eininga eða raunverulegir eigendur slíkra eininga, séu hæfir og viðeigandi.

37. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að lögbær yfírvöld hafi a.m.k. virkt eftirlit með og geri nauðsynlegar ráðstafanir í því

skyni að tryggja að allar stofnanir og einstaklingar, sem þessi tilskipun tekur til, fari að kröfum þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfírvöld hafi nægilegar valdheimildir, þ.m.t. vald til að þvinga fram sérhverjar þær upplýsingar sem varða eftirlit með samræmi og að sinna eftirliti, ásamt því að hafa nægilegar fjárheimildir til að starfa með viðunandi hætti.

3. Lögbær yfírvöld skulu hafa auknar valdheimildir til eftirlits þegar um er að ræða lána- og fjármálastofnanir, einkum möguleikann á að annast vettvangsskoðanir.

4. Ef um er að ræða einstaklinga og lögaðila sem um getur í a-til e-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. mega aðildarríkin, á grundvelli áhættumats, leyfa aðgerðir sem um getur í 1. mgr.

5. Ef um er að ræða einstaklinga sem um getur í a- og b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. mega aðildarríkin, á grundvelli áhættumats, leyfa sjálfseftirlitsstofnunum að sinna þeim störfum, sem um getur í 1. mgr., að því tilskildu að þær séu í samræmi við 2. mgr.

3. ÞÁTTUR

Samvinna

38. gr.

Framkvæmdastjórninni ber að veita þá aðstoð sem þörf er á til að auðvelda samræmingu, þ.m.t. upplýsingaskipti milli fjármálaeftirlitsstofnana innan Bandalagsins.

4. ÞÁTTUR

Viðurlög

39. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur einstaklingum og lögaðilum, sem þessi tilskipun tekur til, fyrir brot á innlendum ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við innlend lög, að gerðar verði viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða stjórnsýsluviðurlögum verði beitt gagnvart lána- og fjármálastofnunum fyrir brot gegn innlendum ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar ráðstafanir eða viðurlög séu árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

3. Þegar um lögaðila er að ræða skal sérhvert aðildarríki a.m.k. tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir brot, sem um getur í 1. mgr. og einstaklingur, sem annaðhvort kemur fram á eigin vegum eða sem hluti af einingu innan lögaðilans og gegnir stjórnunarstöðu innan lögaðilans, fremur í þágu lögaðila, á grundvelli:

- a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,
- b) valds til að taka ákvörðun fyrir hönd lögaðilans,
eða
- c) heimildar til að annast innra eftirlit hjá lögaðilanum.

4. Til viðbótar þeim tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. skal hvert aðildarríki tryggja að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða skoðunum af hálfu einstaklings, sem um getur í 3. mgr., hefur gert einstaklingi undir stjórn lögaðilans kleift að fremja brotin, sem um getur í 1. mgr., í þágu lögaðila.

VI. KAFLI

FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR

40. gr.

1. Til að taka tillit til tækniframfara í baráttunni gegn peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka og tryggja samræmda framkvæmd þessarar tilskipunar má framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 41. gr., samþykkja eftirfarandi framkvæmdarráðstafanir varðandi:

- a) nánari útskýringu á tæknilegum þáttum skilgreininganna sem kveðið er á um í 3. gr. (a- og d-lið 2. mgr.), 6., 7., 8., 9. og 10. gr.
- b) skilgreiningu tæknilegra viðmiðana til að meta hvort tiltekna aðstæður gefi til kynna litla áhættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, eins og um getur í 2. og 5. mgr. 11. gr.,
- c) skilgreiningu tæknilegra viðmiðana til að meta hvort tiltekna aðstæður gefi til kynna mikla áhættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, eins og um getur í 13. gr.,
- d) skilgreiningu tæknilegra viðmiðana til að meta hvort réttlæt看legt sé, í samræmi við 2. mgr. 2. gr., að beita ekki þessari tilskipun gagnvart tilteknum lögaðilum eða einstaklingum sem stunda fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti.

2. Í öllum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar til að ákvæði b-I og d-liðar 1. mgr. öðlist gildi fyrir 15. júní 2006.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 41. gr., aðlaga þær fjárhæðir sem um getur í 2. gr. (e-lið 3. liðar 1. mgr.), 7. gr. (b-lið), 10. gr. (1. mgr.) og 11. gr. (a- og d-lið 5. mgr.), að teknu tilliti til

löggjafar Bandalagsins, efnahagslegrar þróunar og breytinga á alþjóðlegum stöðlum.

4. Komist framkvæmdastjórnin að því að þriðja land uppfylli ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 11. gr. (1. eða 2. mgr.), 28. gr. (3., 4. eða 5. mgr.) eða í þeim ráðstöfunum sem komið hefur verið á í samræmi við þessa grein (b-lið 1. mgr.) eða 16. gr. (b-lið 1. mgr.), eða að löggjöf þessa þriðja lands leyfi ekki beitingu þeirra ákvæða sem krafist er samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. 31. gr. skal hún samþykkja ákvörðun sem kveður á um það í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 41. gr.

41. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hér á eftir nefnd „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að framkvæmdarráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir, sem þegar hafa verið samþykktar, skal framkvæmd ákvæðanna í þessari tilskipun, sem varða samþykkt tæknilegra reglna og ákvarðana í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr., falla niður fjórum árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, og skulu þau, í því skyni, endurskoða þau áður en fjögurra ára tímabilinu lýkur.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

42. gr.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 15. desember 2009 og á a.m.k. þriggja ára fresti eftir það. Fyrsta skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal innihalda sérstaka rannsókn á meðferð lögmanna og annarra óháðra lögfræðinga.

43. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 15. desember 2010 um viðmiðunarhlutfall í 6. mgr. 3. gr. þar sem athygli er sérstaklega beint að hugsanlegu notagildi og afleiðingum af lækkun hlutfallsins í i-lið a-liðar 6. mgr. 3. gr. og i- og iii-lið b-liðar 6. mgr. 3. gr. úr 25% í 20%. Á grundvelli skýrslunnar getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu að breytingum á þessari tilskipun.

44. gr.

Tilskipun 91/308/EBE er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

45. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. desember 2007. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og töflu sem sýnir hvernig ákvæði þessarar tilskipunar samsvara ákvæðum innlendra ákvæða sem samþykkt hafa verið.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

46. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

47. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. október 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ALEXANDER

forseti.

VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Bessi tilskipun	Tilskipun 91/308/EBE
1. mgr. 1. gr.	2. gr.
2. mgr. 1. gr.	C-liður 1. gr.
a-liður 2. mgr. 1. gr.	fyrsti tölul. C-liðar 1. gr.
b-liður 2. mgr. 1. gr.	annar tölul. C-liðar 1. gr.
c-liður 2. mgr. 1. gr.	þriðji tölul. C-liðar 1. gr.
d-liður 2. mgr. 1. gr.	fjórði tölul. C-liðar 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	þriðja málsgrein C-liðar 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	
5. mgr. 1. gr.	önnur málsgrein C-liðar 1. gr.
1. tölul. 1. mgr. 2. gr.	1. tölul. 2. gr. a
2. tölul. 1. mgr. 2. gr.	2. tölul. 2. gr. a
a-, b- og d- til f-liður 3. tölul. 1. mgr. 2. gr.	3.-7. tölul. 2. gr. a
c-liður 3. tölul. 1. mgr. 2. gr.	
2. mgr. 2. gr.	
1. tölul. 3. gr.	A-liður 1. gr.
a-liður 2. tölul. 3. gr.	1. tölul. B-liðar 1. gr.
b-liður 2. tölul. 3. gr.	2. tölul. B-liðar 1. gr.
c-liður 2. tölul. 3. gr.	3. tölul. B-liðar 1. gr.
d-liður 2. tölul. 3. gr.	4. tölul. B-liðar 1. gr.
e-liður 2. tölul. 3. gr.	
f-liður 2. tölul. 3. gr.	önnur málsgrein B-liðar 1. gr.
3. tölul. 3. gr.	D-liður 1. gr.
4. tölul. 3. gr.	fyrsta málsgrein E-liðar 1. gr.
5. tölul. 3. gr.	önnur málsgrein E-liðar 1. gr.
a-liður 5. tölul. 3. gr.	
b-liður 5. tölul. 3. gr.	fyrsti undirliður E-liðar 1. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 91/308/EBE
c-liður 5. tölul. 3. gr.	annar undirliður E-liðar 1. gr.
d-liður 5. tölul. 3. gr.	þriðji undirliður E-liðar 1. gr.
e-liður 5. tölul. 3. gr.	fjórði undirliður E-liðar 1. gr.
f-liður 5. tölul. 3. gr.	fimmti undirliður E-liðar 1. gr. og þriðja málsgrein
6. tölul. 3. gr.	
7. tölul. 3. gr.	
8. tölul. 3. gr.	
9. tölul. 3. gr.	
10. tölul. 3. gr.	
4. gr.	12. gr.
5. gr.	15. gr.
6. gr.	
a-liður 7. gr.	1. mgr. 3. gr.
b-liður 7. gr. ^o	2. mgr. 3. gr.
c-liður 7. gr.	8. mgr. 3. gr.
d-liður 7. gr.	7. mgr. 3. gr.
a-liður 1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 3. gr.
b- til d-liður 1. mgr. 8. gr.	
2. mgr. 8. gr.	
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 3. gr.
2.–6. mgr. 9. gr.	
10. gr.	5. og 6. mgr. 3. gr.
1. mgr. 11. gr.	9. mgr. 3. gr.
2. mgr. 11. gr.	
3. og 4. mgr. 11. gr.	
a-liður 5. mgr. 11. gr.	3. mgr. 3. gr.
b-liður 5. mgr. 11. gr.	4. mgr. 3. gr.
c-liður 5. mgr. 11. gr.	4. mgr. 3. gr.
d-liður 5. mgr. 11. gr.	

Þessi tilskipun	Tilskipun 91/308/EBE
12. gr.	
1. og 2. mgr. 13. gr.	10. og 11. mgr. 3. gr.
3.-5. mgr. 13. gr.	
6. mgr. 13. gr.	5. gr.
14. gr.	
15. gr.	
16. gr.	
17. gr.	
18. gr.	
19. gr.	
20. gr.	5. gr.
21. gr.	
22. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr.
23. gr.	3. mgr. 6. gr.
24. gr.	7. gr.
25. gr.	10. gr.
26. gr.	9. gr.
27. gr.	
1. mgr. 28. gr.	1. mgr. 8. gr.
2.-7. mgr. 28. gr.	
29. gr.	
a-liður 30. gr.	Fyrsti undirliður 4. gr.
b-liður 30. gr.	Annar undirliður 4. gr.
31. gr.	
32. gr.	
33. gr.	
1. mgr. 34. gr.	a-liður 1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 34. gr.	
fyrsta málsgrein 1. málsliðar 35. gr.	fyrsti málsliður b-liðar 1. mgr. 11. gr.
önnur málsgrein 1. mgr. 35. gr.	annar málsliður b-liðar 1. mgr. 11. gr.
þriðja málsgrein 1. mgr. 35. gr.	önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 91/308/EBE
2. mgr. 35. gr.	
3. mgr. 35. gr.	
36. gr.	
37. gr.	
38. gr.	
1. mgr. 39. gr.	14. gr.
2.-4. mgr. 39. gr.	
40. gr.	
41. gr.	
42. gr.	17. gr.
43. gr.	
44. gr.	
45. gr.	
	16. gr.
46. gr.	
	16. gr.